

Náttúra, vald og verðmæti

Bókarhöfundur: Ólafur Páll Jónsson

Bókarheiti: Náttúra, vald og verðmæti

Gagnrýnandi: Ásta Þorleifsdóttir

Útgáfa: Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2007, 201 bls.

HVORT ER RÉTT AÐ MÆLA NÁTTÚRU Í UNADSSTUNDUM EÐA GÍGAVATTSTUNDUM?

Bókin Náttúra, vald og verðmæti eftir Ólaf Pál Jónsson heimspeking kom út sumarbyrjun 2007. Bókin er safn ritsmíða þar sem höfundur glímir við ýmsar grundvallarspurningar um samband manns og náttúru, verðmætamat og meðferð valds í lýðræðissamfélagi. Höfundur leitast við að fjalla á áhugaverðan hátt um viðfangsefnið frá sjónarhóli náttúruverndar, siðfræði og stjórnmála. Sjónum er beint að hugtökum eins og náttúra, umhverfi, framfarir, lýðræði, eignarréttur og sjálfbærni – og í ljósi þeirra fjallað um ýmsar ákvarðanir og atburði sem varða náttúruvernd og lýðræði á líðandi stund.

Bókarkafalarnir fimmtán eru ólíkir bæði að inntaki og lengd og raðað í fjóra bókarhluta eftir efni. Sumir eru eins og brot úr minningum höfundar en í öðrum birtast djúpar þælingar um eðli eignarréttar, vald og lýðræði.

Náttúran hefur í huga höfundar sjálfstætt gildi sem ekki er fólgið í því einu að þjóna manningum, maðurinn er ekki mælikvarði alls. Náttúran á sjálfstæðan tilverurétt og afstæð verðmæti eru háð sjónarhóli þess sem skoðar. Fyrir sumum er verðmæti náttúrunnar mælt í gígavattstundum en aðrir meta hana fyrst og fremst á grundvelli upplifunar og endurhæfingu andans, sem orkugjafa sköpunar. Því er oft mikil togstreita milli fylgjenda náttúruverndar og nýtingar þar sem báðir byggja afstöðu sína á eigin hugmyndum og upplifun og fyrir báða er markmiðið að auka lífsgæði. Þannig leitast Ólafur Páll við að svara spurningum eins og „hvers virði eru Þjórsárver?“ og „hver á vatnið?“. Þessum spurningum er erfitt að svara enda hefur, að mati höfundar, upplýst rökræða ekki átt stað heldur er barist þar til annar hlýtur að tapa.

Birtingarmáttar lýðræðis eru höfundi hugleiknir og hann leitar víða fanga til að færa rök fyrir afstöðu sinni. Þannig er í einum kaflanum fjallað um ríkjandi lýðræðisform sem höfundur kýs að kenna við þrútt og svo framtíðarsýn hans; rökræðulýðræðið. Annars vegar lýðræði samninga, málamiðlana og þrúttis, hins vegar lýðræði sem byggist á gagnsæi upplýsingamiðlunar og rökstuddri, málefnalegri umræðu. Að mati höfundar er verulegur lýðræðishalli og hann hefur áhyggjur af framtíð lýðræðisins í ákvarðanahraða samtímans. Umræða og ákvarðanataka er ekki lýðræðisleg þar sem almenningi gefst aðeins kostur á að taka afstöðu og lýsa vilja sínum í kosningum á fjögurra ára fresti en í hröðu markaðsdrifnu umhverfi eru ákvarðanir um málefni sem aldrei hafa komið til lýðræðislegrar umfjöllunar eða verið lögð í dóm kjósenda sífellt algengari. Hvar stendur hefðbundna lýðræðið þá? spyr höfundur og telur lausnina vera rökræðulýðræði þar sem markmiðið er að taka sameiginlegar ákvarðanir. Eða eins og bókarhöfundur orðar það sjálfur í viðtali (sjá http://framtidarlandid.is/index2.php?option=com_content&do_pdf=1&id=156).

„Þetta þýðir ekki að allir eigi að vera sammála um niðurstöðuna, heldur gerir það fyrst og fremst kröfur til umræðuvettvangsins. Sá skilningur sem ég hef á lýðræðinu gerir minna úr kosningum og meira úr því sem gerist á milli þeirra. Lýðræðið er að mínu mati samvinnuform í samfélaginu og snýst um almenna meðferð valds en ekki bara útteilingu þess.“

Ólafur lítur á heiminn sem eina heild, ákvarðanir teknar á Íslandi varði ekki aðeins líðandi stund heldur kunni að hafa hnattræn áhrif á náttúru og lífsgæði. Hann skoðar sjálfbærni og eignarrétt út frá sjónarhóli sjálfbærni og metur lýðræðið á sömu forsendum. Hann telur málsmeðferð snúast um leiðina ekki hina endanlegu ákvörðun þar sem vel upplýst og vel rökstudd umræða getur leitt til mun fleiri valkosta en fyrisjáanlegir eru við fyrstu sýn.

Höfundur leynir því ekki að hann hefur ákveðnar skoðanir, er einlægur náttúruunnandi og leitast við að beita þekkingu sinni til að rökstyðja sjónarmið sín. Þrátt fyrir það er bókin vel unnin, einkennist af heiðarleika og yfirvegun, hroki og hleypidómar eru víðs fjarri enda reynir höfundur hvergi að breiða yfir skoðanir sínar né gera sér upp yfirlætislegt hlutleysi sem stundum vill einkenna fræðirit. Því fylgir ferskur andblær að fræðimaður skuli leitast við að hafa áhrif á umræðuna með því að setja fram rök og rannsóknir sem styðja einn málstað fremur en annan. Þvert á móti því sem halda mætti þá hjálpar sú nálgun lesanda við að greina sína afstöðu með því að setja þekkinguna í nýtt samhengi.

Í bókinni er ekki aðeins fjallað á fræðilegan hátt um pólitísk hitamál heldur og dregnar ályktanir og komist að oft umdeildum niðurstöðum. Það þýðir ekki að bókin sé einbert áróðursrit; afstaðan er rökstudd og vel ígrunduð, ekki til þess fallin að loka á alla umræðu um lýðræði og valdbeitingu heldur þvert á móti leggur hún grunn að frekari rökræðum, hvort sem þátttakendur þeirra eru sammála eða ekki. Þannig tekur höfundur pólitíska og fræðilega vel studda afstöðu án þess að draga úr fræðilegu gildi bókarinnar.

Náttúra, vald og verðmæti er holl lesning þeim sem láta sig varða stjórnmál líðandi stundar. Bókin er einstaklega aðgengileg og auðlesin þar sem skýr efnistöð og lipurt orðfæri halda lesanda fönnum í vangaveltum um eðli og inntak ýmissa hugmynda í viðleitni til að vekja rökræðu um það sem máli skiptir. Bókin er jafnframt ágætt fræðirit sem getur hentað vel til kennslu, ekki síst þar sem einatt er stillt upp áhugaverðum andstæðum sem hvetja lesanda til rökræðu.